

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 38/2013

2013/EES/49/08

frá 15. mars 2013

## um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli nr. S1 frá 15. mars 2012 um fjárhagslega þætti varðandi líffæragjöf lifandi gjafa yfir landamæri <sup>(1)</sup>.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 11.2 (tilmæli nr. U2) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„11.3 **32012 H 0810(01)**: Tilmæli nr. S1 frá 15. mars 2012 um fjárhagslega þætti varðandi líffæragjöf lifandi gjafa yfir landamæri (Stjtið. ESB C 240, 10.8.2012, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla nr. S1, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 240, 10.8.2012, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.